

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Auðsholt 2 (Selholt 1), lnr. 217497.

Deiliskipulagið er fyrir lóðina Selholt sem er útskipt land úr jörðinni Auðsholt 2. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum á svæðinu, reit A þar sem heimilað er að reisa allt að 200 m² íbúðarhús og reit B þar sem heimilað er að reisa allt að 200 m² verkfærahús. Mænishæð húsa er að hámarki 5 m. Einnig er heimilað að reisa allt að 50 m² geymsluhús á svæðinu, mænishæð að hámarki 4 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. apríl 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. nóvember 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2017